

Inngangur

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir starfsemi Sorpstöðvar Suðurlands frá síðasta aðalfundi sem haldinn var 1. september 1998. Á þeim fundi voru eftirtaldir kosnir í stjórn: Aðalmenn; Karl Björnsson, formaður, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson og Sesselja Jónsdóttir. Úr stjórn gekk Grétar Zóphaníasson. Varamenn; Einar Mathiesen, Bjarni Einarsson og Ágúst Ingi Ólafsson. Skoðunarmenn voru kosnir Bjarki Reynisson og Loftur Þorsteinsson

Framkvæmdastjóri Sorpstöðvar Suðurlands er Þorvarður Hjaltason. Starfsmenn á urðunarsvæði eru Arnar Árnason verkstjóri og Guðni Jónsson vélamaður. Þá tók til starfa á síðastliðnu hausti hjá fyrirtækinu Guðmundur Tr. Ólafsson umhverfisfræðingur sem sinnir ýmiss konar ráðgjöf og þróunarverkefnum.

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórnin haldið 8 formlega fundi en auk þeirra hafa verið haldnir ýmsir fundir með þátttöku eins eða fleiri stjórnarmanna í tengslum við þau mál sem hafa verið á döfinni.

Eignaraðilar Sorpstöðvar Suðurlands eru samtals 14. Sorpstöð Rangárvallasýslu hefur á bak við sig 8 sveitarfélög þannig að í raun er 21 sveitarfélag á Suðurlandi sem stendur að Sorpstöðinni. Eignarhlutföll, sem miðast við eigið fé Sorpstöðvarinnar um síðustu áramót, eru sýnd í eftirfarandi töflu, sem og hlutdeild eignaraðilanna í eigin fé fyrirtækisins, en það hefur aukist um 14.5 % á milli ára:

Tafla

Eignarhlutföll og skipting eigin fjár í Sorpstöð Suðurlands 1999

1

Eignarhlutföll og skipting eigin fjár í Sorpstöð Suðurlands 1999

Eignaraðilar	Íbúafjöldi	Eignarhlutfall	Eignarhlutur
Sorpstöð Rangárvallasýslu	2.846	19,59	10.858.389
Árborg	5.505	37,89	21.003.313
Gaulverjabæjarhreppur	124	0,85	473.099
Hraungerðishreppur	186	1,28	709.649
Villingaholtshreppur	180	1,24	686.757
Skeiðahreppur	234	1,61	892.784
Gnúpverjahreppur	303	2,09	1.156.041
Hrunamannahreppur	704	4,85	2.685.982
Biskupstungnahr.	513	3,53	1.957.257
Laugardalshreppur	234	1,61	892.784
Grímsnes og Grafningsshr.	329	2,26	1.225.239
Þingvallahreppur	45	0,31	171.689
Hveragerði	1.718	11,83	6.554.712
Ölfushreppur	1.606	11,06	6.127.397
	14.527	100,00	55.425.092

Afkoma

Afkoma fyrirtækisins var góð á síðasta ári eins og ársreikningur ber með sér. Rekstrarafgangur varð um sex og hálf milljón króna. Eiginfjárstaða fyrirtækisins er sterk og eigið fé fyrirtækisins er nú rúmlega 55 milljónir króna. Þrátt fyrir það eru blikur á lofti, nýfallinn er hæstaréttardómur í máli eigenda Auðsholts og Sorpstöðvarinnar sem kostar fyrirtækið hátt í tuttugu milljónir króna og nú liggur fyrir að kjötmjölsværsmiðja verður reist, sem mun þýða minnkaðar rekstrartekjur stöðvarinnar í framtíðinni. Einnig er ljóst að í nánustu framtíð verða kröfur til urðunarstaða stórhertar með tilheyrandi kostnaði.

Gjaldskrá

Gjaldskrá var breytt um síðustu áramót samkvæmt ákvörðun stjórnar og heimild aðalfundar og hafði þá verið óbreytt í tvö ár. Hækkunin nam um sex prósentum. Samkvæmt samþykktum Sorpstöðvarinnar skal aðalfundur ákvarða endanlega um gjaldskrá og leggur stjórn til að hann staðfesti gjaldskrána eins og hún er nú með heimild til stjórnarinnar að hún geti endurskoðað hana og breytt ef rík ástæða þykir til.

• Gjald	fyrir	sorp	frá	aðildarsveitarfélögunum	kr.	1,70/kg.
• Gjald		fyrir		sláturúrgang	kr.	3,50/kg.
• Gjald	fyrir	annað aðflutt sorp,	sem ekki er	samningsbundið	kr.	3,40/kg.
• Gjald		fyrir		seyru	kr.	0,50/kg.
• Afgreiðslugjald				kr.		560/losun
• Gjald	fyrir		trjáurlara		kr.	1.800/klst.
Allar	verðtölur		eru	án		virðisaukaskatts.

Í framhaldi má geta þess að sveitarfélögin greiddu tæpar 16 milljónir króna í urðunargjöld eða kr 1,6 kr./kg. árið 1998 og er þá ekki tekið tillit til afgreiðslugjalds. Til samanburðar þá greiða sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu kr 4,97 fyrir hvert kg. Ef sama gjaldskrá gildi hér væri urðunarkostnaður sveitarfélaganna tæpar 50 milljónir en ekki 16 milljónir eins og áður var getið.

Stjórnin leggur til að henni verði falið, með hliðsjón af ýmsum breytingum sem orðið hafa að undanfögnu og munu hafa áhrif á rekstur fyrirtækisins til hins verra, að gera fjárhagsáætlun til næstu þriggja ára og gera jafnframt tillögu að breytingu á gjaldskrá fyrirtækisins. Tillögurnar verði kynntar aðildarsveitarfélögunum með fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Nánari grein verður gerð fyrir breyttu rekstarumhverfi fyrirtækisins hér á eftir.

Starfsemin


á

urðunarsvæðinu

Starfsemin í Kirkjuferjuháleigu er í föstum skorðum. Tækjabúnaður er góður og allt verklag gengur vel fyrir sig. Hugað hefur verið að breytingum, könnuð var ákveðin lausn á fokvörnum, sem nú á að reyna á Vesturlandi. Reynslan þar mun þá væntanlega skera úr um hvort ástæða þykir til að taka hana upp hjá okkur.

Á árinu 1998 nam innvegið magn samtals 21.925 tonnum, sem er um 5 % minnkun á milli ára. Um 2,3 % minnkun er að ræða frá sveitarfélögunum en um 13 % magnaukning varð frá sláturhúsum og 17 % minna magn kom frá gámafyrirtækjum sbr. töflu hér að neðan.

Tafla 2



Framkvæmdum við nýja urðunarrein lauk seint á síðasta ári og var hún tekin í notkun í upphafi þessa árs. Áætlað er að þessi rein endist fram á mitt ár 2000. Jafnframt hefur Verkfræðistofu Suðurlands

kannað möguleika á söfnun gass á sorpurðunarsvæðinu og hvort breyta þurfi núverandi fyrirkomulagi urðunar til að koma upp gassöfnunarkerfi. Eins og útlitið er nú er frekar ólíklegt að taka þurfi upp gassöfnun. Ýmislegt bendir til þess að myndun gass sé ekki nægjanlega mikil til að raunhæft sé að safna því, jafnframt fari gasmyndun minnkandi þegar sláturúrgangur berst ekki lengur inn á svæðið, auk þess sem þykkt urðunarreina er ekki nægilega mikil til að hægt sé að koma við heppilegustu tækni. Eftir á þó að taka af skarið í þessum efnum. Sömu leiðis hefur verið unnið að endurskoðun á sigvatnshreinsun urðunarsvæðinu.

Starfsmenn

Arnar Árnason stjórnar rekstri urðunarsvæðisins eins og verið hefur, honum til aðstoðar er Guðni Jónsson. Þá var Guðmundur Tr. Ólafsson umhverfisfræðingur ráðinn til ársloka 1999 til að vinna að ráðgjafar- og þróunarstörfum fyrir Sorpstöðina, aðildarsveitarfélög hennar og fyrirtæki á svæði stöðvarinnar. Hann hefur m.a. unnið mikið starf við undirbúning kjötmjolsverksmiðjunnar sem fyrirhugað er að reisa. Ekki er vafi á því að veruleg þörf er á starfi sem þessu til framtíðar í ljósi þess að umhverfismál eru að verða æ mikilvægari og umfangsmeiri málaflokkur hjá sveitarfélögunum. Stjórnin óskar því eftir heimild til að ráða Guðmund til áframhaldandi starfa næstu tvö ár. Framkvæmdastjóri SASS og aðrir starfsmenn samtakanna sinna síðan öðrum störfum fyrir stöðina.

Upplýsingamál

Bæklingur um móttökustaði og flokkunarmöguleika á sorpi var gefinn út í júní 1998. Í kjölfarið voru sett upp skilti við alla gámavelli í Hrunamanna-, Grímsnes- og Grafningshreppi með sambærilegum upplýsingum. Í undirbúningi er frekari skiltagerð fyrir gámavelli sveitarfélaga og jafnframt er unnið að undirbúningi upplýsingaskiltis sem væntanlega verður staðsett við allar helstu bensínstöðvar.

Nýtt

starfsleyfi

Nýtt starfsleyfi tók gildi 22. september 1998, eftir að Umhverfisráðuneytið hafði úrskurðað vegna kærumála. Athyglisvert er að Sorpa skuli hafa kært starfsleyfi Sorpstöðvar Suðurlands og vafalaust einsdæmi. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á starfsleyfinu, flestar til einföldunar. Unnið er að þessum breytingum í samstarfi við Höllustuvernd ríkisins. Nýja starfsleyfið er hér í gögnum sem liggja fyrir aðalfundinum.


Söfnun

og

endurvinnsla

Dagblaða- og tímaritapappír. Á Suðurlandi hefur nú um rúm þriggja ára skeið staðið móttaka og söfnun á pappír til endurvinnslu. Árangur varð mjög góður á síðasta ári, samtals söfnuðust um 152,8 tonn af dagblaða- og tímaritapappír sem er tæplega 15 % aukning frá árinu áður. Árangurinn er að vísu nokkuð misjafn en mjög góður í sumum tilfellum.

Tafla 3



Fernur. Söfnun á fernum hélt áfram 1998, en alls söfnuðust um 38 tonn árið 1998, en það gerir rúmlega 40 % heildarskilun.

Brotajárn. Brotajárn vegur þyngst af þeim efnum sem safnað er og komið er í endurvinnslu, enn sem komið er. Árið 1998 söfnuðust rúm 2.307 tonn á starfssvæði Sorpstöðvarinnar sem er 34 % auking frá árinu áður. Sveitarfélögin hafa í auknum mæli opnað gáma undir brotajárn á einum eða fleiri gá mavöllum allt árið, einnig hefur verið staðið að hreinsunarátaki á vorin og þá jafnvel fengin til brotajárnspressa til að minnka umfangið á járninu og minnka þar með flutningskostnað.

Spilliefni. Flest spilliefni bera í dag spilliefnagjald sem stendur undir móttöku, flutningi og eyðingu á viðkomandi efni. Á aðalfundi spilliefnanefndar sem haldin var í maí s.l. var lögð fram ársskýrsla spilliefnanefndar en þar er meðal annars gerð grein fyrir magni, uppruna og skilum á spilliefnum. Þegar skil einstakra svæða eru borin saman kemur í ljós að, að meðaltali eru móttækin 4.559 kg af spilliefnum frá hverjum 1000 íbúum. Samkvæmt skýrslu spilliefnanefndar voru móttækin að meðaltali 2.407 kg af spilliefnum á hverja 1000 íbúa Árnessýslu en einungis 599 kg á hverja 1000 íbúa Rangárvallasýslu. Því miður eru þessar tölur ekki svona lágar vegna takmarkaðrar notkunar spilliefna á svæðinu heldur vegna dræmrar þátttöku fyrirtækja og almennings á svæðinu. Það skal tekið fram að spilliefni færast ekki inn í skýrsluna fyrr en þeim hefur verið eytt, hluti af þeim spilliefnum sem hafði verið safnað hér á svæðinu, aðallega rafgeymar, var ekki eytt innan almanaksársins 1998 og töldust þessvegna ekki með. Nokkurrar ónákvæmni virðist gæta í tölum sem Spilliefnanefnd birtir og er nauðsynlegt að bót verði á því ráðin. Engin fjöður skal þó dregin yfir það að Sunnlendingar þurfa að taka sig á í þessum efnum. Þar gegna einstök sveitarfélög lykilstærki.

Í samvinnu við Gámapjónustuna hf. var farið í átak til söfnunar á rafhlöðum. Átakið var með því fyrirkomulagi að geymsluöskjum var dreift á allar bensinstöðvar í Árnes- og Rangárvallasýslu, fólk hafði öskjurnar með sér heim, fyllti þær af rafhlöðum og losaði þær síðan aftur á spilliefnamóttökum sveitarfélaganna eða bensinstöðvunum en Sorpstöðin útvegaði bensinstöðvunum einnig flát til móttöku á rafhlöðunum.

Undirbúningur	að	stofnun	kjöttmjölsverksmiðju
---------------	----	---------	----------------------

Eins og greint var frá á síðasta aðalfundi hefur staðið undirbúningur að stofnun og rekstri kjöttmjölsverksmiðju frá því seint á árinu 1997. Til að gera langa sögu stutta, þá var fyrirtækið Kjöttmjöl ehf. stofnað 30. október 1998. Að fyrirtækinu standa auk Sorpstöðvarinnar, Sláturfélag Suðurlands, Þríhyrningur, Reykjagarður, Gámapjónustan og Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands. Heildarhlutafé er nú 25 milljónir króna og hafa hluthafar gert með sér hluthafasamkomulag um að auka hlutafé í 50 milljónir fyrir árslok 1999. Stjórn Sorpstöðvarinnar samþykkti hluthafasamkomulagið með fyrirvara um samþykki aðalfundar og leggur það hér með fyrir til samþykktar eða synjunar. Óverulegar líkur eru á því að Sorpstöðin þurfi að tvöfalda hlut sinn, því sennilegt er að fleiri hluthafar bættist við. Hugsanlegt er þó að til einhverrar hlutafjárukningar þurfi að koma. Áætlað er að stofnkostnaður verksmiðjunnar verði á milli 150 og 160 milljónir króna og hefur fjármagn verið tryggt til verksins. Staða málsins nú er sú að gerður hefur verið verksamningur við danskt fyrirtæki, Haarslev a/s, um smíði vélbúnaðar í verksmiðjunni og er hún hafin. Stefnt er að því að bjóða út smíði verksmiðjuhúss í ágúst nk.

Nú liggur fyrir endanlega að verksmiðjan verður reist í Hraungerðishreppi, en lengi stóðu vonir til að hún risi í Hveragerði eða nágrenni, en þar hefði gefist tækifæri til að nýta jarðgufu til rekstursins. Þar með hefði verksmiðjan orðið eins vistvæn og nokkur kostur var og eina verksmiðjan í heiminum sinnar tegundar. Þegar til kom reyndist ekki vera hægt að afhenda jarðgufu með þeim þrýstingi sem til þarf á því svæði sem Hveragerðisbær hefur skipulagt til iðnaðar. Í dalnum upp af Hveragerði er hins vegar næga orku að hafa, en bæjaryfirvöld sáu sér ekki fært að útvega verksmiðjunni stað þar af skipulagsástæðum. Sömu endalok fékk erindi til Ólfushrepps, sem einnig á land í dalnum. Af þessum ástæðum er nánast ekki um annað að ræða en að keyra verksmiðjuna með svartolíu, sem ekki er fýsilegur kostur fyrir fyrirtæki sem hefur háleit umhverfismarkmið. Að vísu er hægt að að setja upp rafskautaketil í stað svartolíuketils, en þá þarf að greiða verulegan stofnkostnað vegna tengingar við raforkukerfið auk þess sem að reksrarkostnaður verður hærri, þrátt fyrir að um ótrygga orku væri að ræða. Það hýtur að vera umhugsunarefni fyrir stjórnvöld nú á tímum þegar gerðar eu verulegar alþjóðlegar kröfur um minnkun gróðurhúsalofttegunda, sbr. svonefnda Kyoto bókun sem íslensk stjórnvöld hafa reyndar ekki undirritað, að þá skuli venjulegum íslenskum fyrirtækjum sem þurfa mikla

orku til sinnar starfsemi nánast vera ókleift að nýta innlenda umhverfisvæna orku vegna gífurlegs kostnaðar.

Nú er liðinn um aldarfjórðungur síðan fyrst vöknudú hugmyndir um rekstur kjötmjölsverksmiðju, en ekkert hefur orðið úr fyrr en nú. Ekki er minnsti vafi á því að um mikið framfaraspor er að ræða í umhverfismálum því fram að þessu hefur allur sláturúrgangur verið urðaður og er áætlað að hér á Suðurlandi falli árlega til u.þ.b. 4.500 tonn af sláturúrgangi. Athyglisvert er að þrátt fyrir að ráðamenn umhverfis- og landbúnaðarmála hafi lýst yfir mikilli ánægju með með fyrirhugaða verksmiðju, þá hafa ekki fengist neinir styrkir til undirbúnings málsins, en eftir þeim hefur verið leitað víðs vegar í stjórnkerfinu. Orð og athafnir þurfa að fara saman í þessum efnum eins og öðrum.

Eins og áður segir mun það hafa töluverð áhrif á afkomu Sorpstöðvarinnar þegar Kjötmjöl ehf. hefur rekstur. Á síðasta ári námu tekjur frá sláturleyfishöfum rúmlega 8 milljónum króna, þannig að um töluvert tekjutap er að ræða. Gert er ráð fyrir að allur sláturúrgangur sem berst að Kirkjuferjuháleigu í dag, fari þangað til vinnslu. Um er að ræða 2.454 tonn sem gera um 11 % af heildarúrgangi sem kemur til urðunar, en við þessa breytingu eykst endurvinnsluhlutfallið að sama skapi fyrir svæðið. Einnig tekur Kjötmjöl ehf. við þeim sláturúrgangi sem fer til urðunar á Strönd og því má fullyrða að endurvinnslan á svæðinu aukist verulega.

Málaferli **gegn** **Sorpstöðinni**

Eins og fundarmönnum er kunnugt hefur verið málarekstur í gangi gegn Sorpstöðinni vegna starfseminnar í Kirkjuferjuháleigu. Sorpstöðin gat ekki fellt sig við niðurstöðu yfirmats í Auðsholtsmálinu, sem hljóðaðai upp á 18 milljón króna skaðabætur auk málskostnaðar og vaxta, og því höfðuðu eigendur Auðsholts mál á hendur Sorpstöðinni. Í Héraðsdómi Suðurlands var Sorpstöðin á síðasta ári dæmd til að greiða 12 milljónir króna í skaðabætur auk 3,4 milljón króna málskostnaðar og dráttarvaxta og nam heildarupphæðin um 19 milljónum króna. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar, sem kvað upp dóm sinn 10. júní sl. Samkvæmt honum skal Sorpstöðin greiða eigendum Auðsholts 10 milljónir króna í skaðabætur auk 3,2 milljóna króna í málskostnað. Með dráttarvöxtum sem reiknast frá desember 1996 þá nemur heildarupphæðin 17,765 milljónum króna. Sú upphæð hefur þegar verið greidd. Eigendur sorpstöðvarinnar þurfa að ákveða með hvað hætti þessu skuli mætt. Staða fyrirtækisins er reyndar mjög sterk, en hugmyndir hafa komið fram um að eigendur greiði sérstakt framlag til fyrirtækisins vegna skaðabótageiðslanna. Einnig er álitamál hvernig skuli bókfæra þessa fjármuni, þannig kemur til greina að eignfæra upphæðina með þeim rökum að um sé að ræða kostnað sem fylgi því að koma upp sorpurðunarsvæði en jafnframt kemur til álita að færa þetta sem rekstrargjöld. Þá yrði fyrirtækið rekið með tilsvarendi tapi á árinu og eigið fé lækkaði í samræmi við það. Stjórnin leggur til að fyrri leiðin verði farin, en óskar eftir áliti aðalfundarfulltrúa.

Þrátt fyrir að um verulegt fjárhagslegt áfall sé að ræða er þó ánægjulegt að þessum málarekstri er nú lokið og óskandi að þar með sé deilumálum vegna staðsetningarinnar lokið. Ekki er ástæða til að ætla annað, því ýmist hefur verið samið við nágretta um bætur eða fyrirtækið dæmt til skaðabóta. Nú er þeim hring endanlega lokað. Samtals nema þessar bætur nú um 25 milljónum króna.

Ágreiningur **við** **Ölfushrepp**

Eins og aðalfundarfulltrúum er kunnugt hafa staðið deilur á milli hreppsnefndar Ölfushrepps og Sorpstöðvar Suðurlands um aðflutning sorps frá höfuðborgarsvæðinu til Kirkjuferjuháleigu. Á síðasta aðalfundi sem haldinn var 1. september á síðasta ári var samþykkt að fresta gerðardómsvinnu í deilumáli Ölfushrepps og Sorpstöðvarinnar sem samþykkt hafði verið á framhaldsaðalfundi í febrúar 1998, en jafnframt samþykkt að beina því til stjórnarinnar að leita samkomulags í málinu. Stjórnin hefur fjallað um ágreiningsefnið á fundum sínum og komist að eftirfarandi niðurstöðu:

"Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands bs. samþykkir að móttöku aðflutts sorps, sem kemur í Kirkjuferjuháleigu utan starfssvæðis Sorpstöðvar Suðurlands, verði hætt í síðasta lagi 31. desember 2001. Skal árlegt magn aðflutts sorps vera innan hámarks þess magns sem borist hefur til stöðvarinnar undanfarin þrjú ár og skulu samningar Sorpstöðvar Suðurlands bs. um móttöku og urðun sorps við aðila utan starfssvæðisins miðast við það."

Í stjórn Sorpstöðvarinnar sitja eins og kunnugt er fulltrúar deiluaðila, þannig að málinu er lokið að mati stjórnarinnar.

Lokaorð

Á þessu starfsári sem nú er að ljúka hefur ýmislegt gerst sem mun hafa varanleg áhrif á starfsemi Sorpstöðvar Suðurlands. Rekstur stöðvarinnar verður erfiðari í framtíðinni en á móti kemur að öll ágreiningsmál sem tengst hafa starfsemi stöðvarinnar eru úr sögunni. Því er bjart framundan og engin ástæða til annars fyrir eigendur fyrirtækisins en að halda áfram því uppbyggingarstarfi í umhverfismálum sem fyrirtækið hefur staðið að á undanförunum árum. Verkefnið eru óþrjótandi

Sorpstöð Suðurlands bs. · Austurvegi 56 · 800 Selfoss
Sími 480 8230 · Fax 480 8201 · Netfang sass@sudurland.is